

Norska sjómannaheimilið lagað

Þessa dagana er verið að dytta að þaki Norska sjómannaheimilisins að Aðalgötu 27, sem nú hýsir Fiskbúð Siglufjarðar og Tónskóla Fjallabyggðar. Að sögn Ármanns Viðars Sigurðssonar deildarstjóri tæknideildar Fjallabyggðar var töluvert af flísum eða steinskífum þar brotið. Verið var að rífa sambærilegt þak á Akureyri og fékk sveitarfélagið þær steinskífur gefins frá eiganda þess húss. Einnig er verið að endurnýja timburáfellur á köntum og hornum.

Á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#) er eftirfarandi fróðleik að finna um Norska sjómannaheimilið .

Byggingarár: 1915.

Athugasemd: Teiknað og tilsníðið í Haugasundi í Noregi.

Hönnuður: Ókunnur.

Breytingar: Í upphafi voru steinsteyptar tröppur og útidyr á miðri framhlið hússins, samkomusalur í vesturenda en lesstofa, eldhús og læknisstofa í austurenda og tvær sjúkrastofur og herbergi starfsfólks þar í risinu og geymslur í kjallara.

Á árunum 1985–1986 var gert við húsið, ýmsu breytt í frágangi þess og fyrirkomulagi innan húss og það síðan tekið í notkun fyrir Tónlistarskóla Siglufjarðar. Fiskbúð hefur verið í kjallara í vesturenda um áratugaskeið.

Friðað í A-flokki af bæjarstjórn 26. ágúst 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Norska sjómannaheimilið er einlyft portbyggt timburhús með lágt rispak, 16,7 m að lengd og 9,13 m á breidd. Húsið stendur á háum steinsteyptum kjallara, veggir eru klæddir plægðri og strikaðri vatnslæðningu og hornborðum. Þak er lagt norskum skífum, tveir þakgluggar eru á því hvorum megin og skornar sperrutær undir þakbrúnum. Að kjallara eru dyr á hvorum gaflum og að auki vörudyr með vængjahurðum á vesturgafli og miðri suðurhlið. Kjallaragluggar eru fimm, tveir á norðurhlið og þrír á suðurhlið og í þeim ýmist glerrúður eða plötur. Á hvorri hlið hússins að vestanverðu eru þrír stórir

tvíkrosspóstagluggar en þrjár minni krosspóstagluggar hvorum megin á austurenda. Á austurgafli eru tveir tvíkrosspóstagluggar, einn krosspóstagluggi og einn sex rúðu póstgluggi. Í gluggum er tvöfalt gler og þverrimar utan og innan á gleri. Útidyr eru á austurgafli og að þeim trétröppur. Inn af dyrum er forstofa, skrifstofa er í norðausturhorni en geymsla og stigi gegnt henni að sunnanverðu. Inn af forstofu er gangur og upptökuherbergi norðan megin í húsinu en salerni og kaffikrúkur sunnan megin. Tónlistarsalur er í innri helmingi hússins í vesturenda. Upp af stiga er framloft og þrjár kennslustofur. Veggir og loft á jarðhæð og í risi eru plötuklædd. Yfir tónlistarsal er súð og skambitaloft og hann er allur panelklæddur að innan. Í kjallara er steinsteypt gólf, veggir ýmist hlaðnir úr steinsteyptum steinum eða smíðaðir úr timbri og plötuklæddir. Yfir austurhluta kjallara er loft á bitum en plötuklætt loft í vesturenda.

Mynd og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.